

### 33. fundur

Hafnarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 18. júlí 2002 kl. 21:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon Már Sturluson, Kristinn Ó. Jónsson, Hrannar Pétursson, Björgvin Guðmundsson, Sigurður Páll Jónsson, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri og Konráð Ragnarsson, hafnarvörður.

1. Bæjarstjóri setti fund, sem er sá fyrsti á kjörtímabilinu, og lagði til að Símon Már Sturluson yrði skipaður formaður og var það samþykkt. Kjóri ritara var frestað en bæjarstjóri ritar þessa fundargerð.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir þeim verkefnum sem eru í undirbúningi þ.e. lenging stálþils við Súgandisey og útboð á leigu dráttarbrautar. Allmiklar umræður urðu um málið.

Formaður gerði grein fyrir vilja sínum til að funda reglulega á ca. 3ja mánaða fresti.

Bæjarstjóri lagði fram drög að erindisbréfi fyrir hafnarstjórn og mun nefndin gera athugasemdir fyrir októberfund.

Umræður urðu um úthlutun bása við flotbryggjur. Hafnarstjórn samþykkti að róðrabátar sitji fyrir um úthlutun.

Formaður minnti á að í dag eru 93 ár síðan Hafskipabyrrjan í Stykkishólmi var vígð. Á þeim tíma var hún stærsta mannvirki sinnar tegundar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 22:20.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),  
Símon Sturluson (sign.),  
Björgvin Guðmundsson (sign.),  
Sigurður Páll Jónsson (sign.),  
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),  
Konráð Ragnarsson (sign.),  
Hrannar Pétursson (sign.).

Íhs.

